

## FUNDARGERÐ

258. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 21. júní 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Sigurður Helgi Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Aron Ólafsson, Mörður Áslaugarson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir. Rósa Kristinsdóttir og Þráinn Óskarsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Viðar Eggertsson sat fundinn í fjarveru Margrétar Tryggvadóttur. Áheyrnarfulltrúar RÚV voru forfallaðir. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 257 var borin upp og samþykkt.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti ýmis atrið sem tengjast rekstri RÚV. Afkomutölur fyrir maí liggja ekki endanlega fyrir þar sem stjórnarfundinn er fyrr á ferðinni en venjulega. Þó liggja fyrir að tekjur séu í samræmi við áætlun, flest bendir til að rekstur deilda sé það einnig. Hins vegar séu fjármagnsliðir mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir og flest bendi til að svo verði áfram næstu mánuði.

Þá var farið yfir stöðu birgða sýningarrétta en í júní 2022 samþykkti stjórn RÚV þak á birgðir sýningarrétta, í heildina 2.600 m.kr. og skiptist það þannig að sýningarréttir vegna íþróttar var 1.400 m.kr. en annað efni 1.200 m.kr. og skyldi endurskoða þau birgðabök innan árs. Nú samþykkti stjórnin nýja tillögu sem gangi út á að heildarfjárhæð sýningarrétta vegna íþróttar verði að hámarki 1.200 m.kr. en hámark vegna annars efnis verði 1.400 m.kr. á hverjum tíma.

Þá var kynnt staða greiðslna til sjálfstæðra framleiðenda en samkvæmt þjónustusamningi skal RÚV greiða sjálfstæðum framleiðendum 659,8 m.kr. á árinu 2023. Frá ársbyrjun til loka maí hafði RÚV greitt sjálfstæðum framleiðendum 268,5 m.kr.

Fjárfestingaáætlun ársins geri ráð fyrir 499 m.kr. fjárfestingum í rekstrarfjármunum á árinu 2023. Frá ársbyrjun til maíloka hafi RÚV fjárfest fyrir 239,6 m.kr.

Kynntar voru upplýsingar um fjölda starfsmanna, stöðugilda og verktaka eftir mánuðum og heildargreiðslur til þessara hópa. Að lokum var farið yfir horfur í rekstri á næstu mánuðum og er ljóst að há verðbólga og vaxtastig eru helstu óvissuþættirnir sem hafa neikvæð áhrif á reksturinn og því mikilvægt að það breystist sem fyrst en RÚV mun bregðast við hærri fjármagnsliðum með hagræðingaraðgerðum.

### 3. Minnispunktar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir nýrri skýrslu Fjölmiðlanefndar um framkvæmd laga um Ríkisútvarpið. Skýrslan sé unnin á grunni VII. bráðabirgðaákvæðis laga um Ríkisútvarpið og þar er fjallað um helstu álitafni sem upp hafa komið við framkvæmd laganna síðustu tíu ár.

Gerð var grein fyrir niðurstöðu Félagsdóms í máli sem höfðað var vegna ágreinings um greiðslur í tengslum við upptökur frá Jazzhátíð árið 2020. Niðurstaða Félagsdóms var að þrátt fyrir heimild í kjarasamningi til að gera heildarsamning við skipuleggjendur tónlistarviðburða beri að greiða hverjum og einum tónlistarmanni samkvæmt umræddum samningi. Verið er að meta áhrif dómsins og næstu skref, m.a. í samvinnu við SA sem fer með samningsumboð vegna kjarasamninga.

mt (sed)  
19/6  
fo  
Rk

Útvarpsstjóri fórfir helstu niðurstöður árlegrar viðhorfskönnunar til þjónustu RÚV sem og könnunar á trausti til fréttastofu RÚV o.fl. Bætt hafi verið við spurningum til þess að leggja sem best mat á virði og áhrif þjónustu sem RÚV veitir lögum samkvæmt. Niðurstöðurnar séu jákvæðar en gefa um leið góða mynd af því hvar finna megi sóknarfæri. Traust til fréttastofu RÚV og RÚV í heild mælist áfram hátt eða nálægt 70%, sem sé með því besta sem gerist hér á landi og víðar. Útvarpsstjóri gerði að lokum grein fyrir svörum við fyrirspurnum stjórnarmanna um netöryggismál og um jafnlaunamál.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd og fundi slitið.

Silja D. Gunnar Jóhanna  
Rósa Kristinsdóttir  
þrá - Óskesen.  
Tugvan Þ. Þingsson (séd)  
Margrét Þyggvael. (séd)  
Chloe